Rannsóknirnar *Ungt fólk* eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins. Þetta er gert með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur sem mættir eru til dagsskóla á tilteknum degi með það að leiðarljósi að lágmarka vikmörk niðurstaðnanna. Niðurstöður þessara kannana eru því mjög áreiðanlegar, hvort sem litið er til tiltekinna landssvæða og/eða mismunandi hópa.

Þátttakendur

Niðurstöður þær sem birtar eru í þessari skýrslu, sem unnin er fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið á vormánuðum 2011 eru byggðar á könnunum sem Rannsóknir & greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í október árin 2004, 2007 og 2010. Þátttakendur voru þeir dagsskólanemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem kannanirnar voru lagðar fyrir. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi (sjá nöfn skólanna árið 2010 á bls. 10).² Árið 2004 fengust gild svör frá 11031 nemendum af þýðinu og voru strákar 5279 en stelpur 5617. Alls gáfu 135 ekki upp kyn sitt. Samkvæmt þessu var svarhlutfall því 80,9% í könnuninni árið 2004. Árið 2007 fengust gild svör frá 11229 nemendum af þýðinu. Strákar voru 5405 en stelpur 5690 en upplýsingar um kynferði svarenda vantar fyrir 134 þátttakendur. Svarhlutfallið það ár var 72,2% af mögulegum þátttakendum í úrtaksrammanum. Árið 2010 fengust gild svör frá 11388 nemendum af þýðinu og voru strákar 5439 en stelpur 5837. Alls gáfu 112 ekki upp kyn sitt. Samkvæmt þessu var svarhlutfall því 70,5% í könnuninni árið 2010.

2 Þar sem í könnuninni er lögð áhersla á að kanna hagi ungmenna á framhaldsskólaaldri voru nemendur í kvöldnámi eða fjarnámi undanskildir.

Mælitæki

Mælitæki kannananna eru ítarlegir spurningalistar sem hafa verið próaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála, í samstarfi við menntamálaráðuneytið, en á síðari árum af Rannsóknnum & greiningu. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær leiði til öruggra niðurstaðna, að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi. Spurningalistinn árið 2000 innihélt 151 spurningu í mismunandi mörgum liðum á 45 blaðsíðum. Árið 2004 var um að ræða 170 spurningar á 53 síðum. Þá inniheldur spurningalistinn árið 2007, 127 spurningar á 42 blaðsíðum. Árið 2010 inniheldur spurningalistinn 110 spurningar á 34 blaðsíðum. Kvarðar eru gjarnan notaðir sem svarmöguleikar við spurningum til að auka réttmæti spurninganna. Svonefndur Likert-kvarði³ er mest áberandi í þessum spurningalistum.

Framkvæmd og úrvinnsla gagna

Framkvæmd allra þriggja kannananna var þannig háttað að spurningalistarnir voru sendir til allra framhaldsskóla landsins þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir samkvæmt ákveðnum fyrirmælum. Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það fyrir nemendum að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á svarblöðin svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og að biðja um hjálp ef þörf var á. Í skýrslunni er tíðni í prósentum sett fram í myndum og töflum með hlutföllum og samanburði milli ýmissa þátta. Of langt mál er að telja hér upp allar þær spurningar sem notaðar eru í skýrslunni eða hvernig einstakar breytur eru kóðaðar en áhugasömum er bent á að hafa samband við Rannsóknir & greiningu ef nákvæmari skýringa er óskað.

3 Sjá nánar: De Vaus 2002.

I. hluti Íþróttir og hreyfing

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi hreyfingar og íþróttaiðkunar fyrir líðan og heilsu fólks. Ungmenni sem iðka íþróttir eru þannig almennt líklegri til að ástunda heilbrigðan lífsstíl, þeim líður betur andlega en öðrum ungmenum⁴ og eru ólíklegri til að reykja⁵, neyta áfengis og annarra vímuefna.⁶ Þá sýnir ný rannsókn Rannsókna & greiningar að íþróttaiðkun hefur sérstaklega mikið gildi meðal unglinga sem standa höllum fæti.⁷ Almennt dregur íþróttaiðkun unglinga úr líkum á þunglyndi, en samband þessara þátta er sterkara meðal þeirra unglinga sem búa við erfðar aðstæður heima fyrir; svo sem við heimilisofbeldi og rífrildi. Það virðist því skipta verulegu máli að hvetja til íþróttaiðkunar meðal ungs fólks og virkja sérstaklega þá sem ekki búa við góðar heimilisaðstæður. Bent hefur verið á að líkamleg hreyfing hafi á undanförunum árum víða minnkað sökum

lífstílsbreytinga, sérstaklega í vestrænum samfélögum⁸. Íslenskar rannsóknir meðal barna í efstu bekkjum grunnskóla sýna að sambærileg þróun hefur átt sér stað undanfarin áratug þegar metið er hlutfall þeirra unglinga sem hreyfa sig mikið eða mjög mikið andspænis þeim sem hreyfa sig lítið sem ekki neitt⁹. Þannig bendir þessi tímagreining til að í þessum aldurhópi hafi hlutfall þeirra sem hreyfa sig mikið eða mjög mikið heldur aukist undanfarin ár, en að sama skapi hefur hlutfall þeirra sem hreyfa sig lítið sem ekki neitt einnig hækkað.

Á myndum 1-14 má sjá athuganir yfir tíma á þátttöku stelpna og stráka í framhaldsskólum í íþróttum og líkamsrækt, á fjölda þeirra sem æfa íþróttir með íþróttafélagi og helstu ástæður þess að ungmenni hafa hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi. Þá gefur að líta skoðun á hlutfalli stráka og stelpna sem segjast reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni.

Á myndum 1 og 2 gefur að líta samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum

4 Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. (2006).


5 Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. (2008a).

6 Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson o.þ. 1998; Þórólfur Þórlindsson o.þ. 1994.


7 Inga Dóra Sigfúsdóttir o.þ. (í prentun).

8 Allegrente (2004).

9 Sigríður Þóra Eidsdóttir o.þ. (2008).




Mynd 1 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft þær segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt.




Mynd 2 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft þeir segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt.

árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft í viku þau segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt. Stelpur virðast almennt stunda íþróttir eða líkamsrækt sjaldnar en strákar og er það óháð búsetu. Hærra hlutfall stráka en stelpna segist æfa íþróttir eða líkamsrækt 4 sinnum í viku

eða oftar. Hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu voru 44,9% sem segjast æfa 4 sinnum í viku eða oftar á móti 33,6% stelpna. Þá eru fleiri stelpur en strákar sem segjast stunda íþróttir og líkamsrækt 1-3 í viku og er það óháð búsetu. Hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu árið



Mynd 3 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft þær segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi.




Mynd 4 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft þeir segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi.

2010 eru 47,8% sem segjast æfa 1-3 í viku á móti 37,5% stráka en samskonar hlutföll utan höfuðborgarsvæðisins eru 45,9% og 34,8%. Stelpur á höfuðborgarsvæðinu (18,5%) segjast frekar en strákar (17,5%), stunda nær aldrei íþróttir eða sjaldnar en einu sinni í viku. Hlutfall stelpna og stráka utan höfuðborgarsvæðisins sem segjast nær aldrei stunda íþróttir eða líkamsrækt er svipað.

Á myndum 3 og 4 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft þau stunda íþróttir með íþróttafélagi. Stelpur virðast stunda íþróttir með íþróttafélagi sjaldnar en strákar og er það óháð búsetu. Hlutfall þeirra er mun hærra en stráka þegar kemur að því að stunda nær aldrei íþróttir með félagi eða sjaldnar en einu sinni í viku. Utan höfuðborgarsvæðisins segjast 67,2% stelpna en 56,1% stráka stunda íþróttir með íþróttafélagi nær aldrei eða sjaldnar en einu sinni í viku. Hlutfallslega æfa fleiri strákar en stelpur oftar íþróttir með íþróttafélagi en þó hefur hlutfall stelpna sem æfðu aldrei eða sjaldan íþróttir lækkað frá árinu 2004 til ársins 2010. Hlutfall stelpna á höfuðborgarsvæðinu sem æfa sjaldan eða aldrei íþróttir lækkaði úr 76,1%

árið 2004 í 69,5% árið 2010 en hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu fór þetta hlutfall úr 62,2% árið 2004 í 59,0% árið 2010. Hjá stelpum hefur einnig orðið aukning á milli ára hjá þeim sem æfa einu sinni til þrisvar í viku eða oftar og á það bæði við um stelpur búsettar á höfuðborgarsvæðinu og utan þess.

Á myndum 5 og 6 gefur að líta samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja eftirtalið hafa skipt frekar eða mjög miklu máli í ákvörðun þeirra að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi; kostnaður (of dýrt), að vinirnir hafi hætt, tímaskortur eða mikil samkeppni. Eins og sjá má telja flestir hlutfallslega, bæði meðal stelpna og stráka og óháð búsetu, að tímaskortur hafi skipt frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun þeirra að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi. Milli 30% og 40% beggja kynja telja svo vera árið 2010, en vissulega geta legið fleiri en ein ástæða að baki slíkrri ákvörðun. Eins og myndin sýnir virðist þó talsvert hafa dregið úr slíkum tímaskorti meðal beggja kynja ef litið er til árunna 2004 og 2007 til samanburðar. Eins og sjá má telja um 19-23% beggja kynja, að það að vinirnir hafi hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hafi skipt miklu máli í




Mynd 5 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja eftirtalin atriði hafa skipt frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun sinni að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi: Kostnaður (of dýrt), vinir mínir hættu, tímaskortur, mikil samkeppni.


ákvörðun þeirra að gera síkt hið sama. Heldur færri nefna kostnað, að það hafi verið of dýrt að stunda íþróttir. Þá telja fæstir hlutfallslega, af þeim svörum sem tiltekin eru hér, að mikil samkeppni hafi verið frekar eða mjög mikilvæg ástæða þess að þau hættu að stunda íþróttir

með íþróttafélagi og það sama má segja um kostnað.

Á myndum 7 og 8 gefur að líta hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft þeir segjast reyna á sig




Mynd 6 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja eftirtalin atriði hafa skipt frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun sinni að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi: Kostnaður (of dýrt), vinir mínir hættu, tímaskortur, mikil samkeppni.



Mynd 7 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft þær segjast reyna á sig líkamlega þannig að þær mæðist verulega eða svitni.

líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni. Strákar eru hlutfallslega fleiri en stelpur þegar kemur að því að reyna líkamlega á sig 4 sinnum í viku eða oftar, óháð búsetu, og er sú þróun svipuð yfir allt tímabilið. Hærra hlutfall stelpna en stráka segist nær

aldrei eða sjaldnar en vikulega reyna á sig líkamlega og er það einnig óháð búsetu. Þó hefur þetta hlutfall lækkað á milli ára, bæði hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins. Einnig eru fleiri stelpur en strákar sem segjast reyna á sig líkamlega




Mynd 8 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve oft þeir segjast reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni.

1-3 í viku. Aukning hefur þó orðið á milli ára hjá þeim stelpum sem reyna á sig líkamlega 4 sinnum í viku eða oftar og á það bæði við um höfuðborgarsvæðið og þær sem búsettar eru utan þess. Árið 2004 sögðust um 27,3% stelpna á höfuðborgarsvæðinu reyna á sig líkamlega þannig að þær mæðist verulega eða svitni 4 sinnum í viku eða oftar, en 35,9% árið 2010. Á meðal stráka hafa þessi hlutföll lítið breyst yfir tímabilið. Það að mæðast eða svitna við líkamlega áreynslu virðist hafa aukist meðal stelpna á höfuðborgarsvæðinu. Á meðal stráka hafa þessi hlutföll hins vegar lítið breyst yfir tímabilið.


Á myndum 9 og 10 má sjá samanburð framhaldsskólanema milli áráanna 2004, 2007 og 2010 á hlutfalli þeirra sem stunda handbolta, fótbolta eða körfubolta fjórum sinnum í viku eða oftar. Færri stelpur en strákar iðka ofangreindar boltaþróttir og er það óháð búsetu þeirra. Meðal stelpna hefur mesta aukningin yfir tíma orðið í fótbolta. Utan höfuðborgarsvæðisins iðkuðu 4,5% stelpna fótbolta fjórum sinnum í viku eða oftar árið 2004 en 6,8% árið 2010. Í hinum boltagreininum er fremur lítil breyting milli ára. Strákar iðka helst fótbolta þegar ástundun í ofantöldum boltagreinum er borin saman. Meðal stráka sem búsettir

eru utan höfuðborgarsvæðisins virðist hafa dregið örlítið úr fótboltaíðkun. Árið 2004 iðkuðu 14,7% fótbolta en 14,1% árið 2010. Á höfuðborgarsvæðinu dró einnig lítillega úr fjölda stráka sem iðka fótbolta 4 sinnum í viku eða oftar árin 2004 (15,0%) og 2007 (13,1%). Nú í ár mælist hún um 14,8%. Örlítill aukning virðist þó vera í iðkun handbolta og er það bæði óháð búsetu og kyni.

Á myndum 11 og 12 má skoða samanburð á hlutfalli framhaldsskólanema milli áráanna 2004, 2007 og 2010 sem segiast leggja stund á fimleika, frjálsar íþróttir og sund fjórum sinnum í viku eða oftar. Í stuttu máli eru fáir sem iðka þessar greinar 4 sinnum í viku eða oftar og hefur hlutfallslegur fjöldi breyst lítið yfir tímabilið frá árinu 2004 til 2010. Flestir iðka sund og einnig eru fimleikar meðal stelpna með hærri hlutföllum í þessum samanburði. Þó er, eins og áður sagði, lítil breyting á milli ára. Árið 2004 æfðu 0,8% stelpna á höfuðborgarsvæðinu fimleika 4 sinnum í viku eða oftar, en 1,9% árið 2010. Þróunin er svipuð á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Hjá strákunum stunda flestir sund og frjálsar íþróttir svo oft í viku en einnig er lítil breyting á milli ára meðal þeirra, óháð búsetu. Á myndum 13 og 14 má skoða samanburð á hlutfalli stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segiast




Mynd 9 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda handbolta, fótbolta og körfubolta, fjórum sinnum í viku eða oftar.




Mynd 10 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda handbolta, fótbolta og körfubolta, fjórum sinnum í viku eða oftar.

stunda hestamennsku, skák eða golf vikulega eða oftar. Fram kemur að aukning hefur orðið á ástundun hestamennsku meðal stelpna, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Um 7% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og um 11,7% stelpna utan þess virðast stunda hestamennsku þetta oft árið 2010. Fær stelpur stunda skák eða golf, en þó má greina örlitla aukningu í ástundun golfs meðal

þeirra og er það óháð búsetu. Meðal stráka virðist einnig hafa orðið aukning í ástundun hestamennsku, eða 1,9% þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 en 4,5% árið 2010. Á bilinu 2-3% stráka virðast iðka skákíþróttina og er það óháð búsetu. Hins vegar segjast um 13,5% stráka stunda golf þetta oft og er það óháð búsetu.



Mynd 11 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda fimleika, frjálsar íþróttir og sund, fjórum sinnum í viku eða oftar.




Mynd 12 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda fimleika, frjálsar íþróttir og sund, fjórum sinnum í viku eða oftar.


Samantekt úr myndum í I. hluta

Á myndum 1 – 14 má sjá niðurstöður athugana yfir tíma á þátttöku stelpna og stráka í framhaldsskólum í íþróttum og líkamsrækt. Stelpur virðast almennt sjaldnar stunda íþrótt-

ir eða líkamsrækt en strákar og er það óháð búsetu. Hærra hlutfall stráka en stelpna segist æfa íþróttir eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar. Þá eru fleiri stelpur en strákar sem segjast stunda íþróttir og líkams-



Mynd 13 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda hestamennsku, skák eða golf, vikulega eða oftar.




Mynd 14 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda hestamennsku, skák eða golf, vikulega eða oft.

rækt 1-3 í viku og er það óháð búsetu. Hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu árið 2010 segjast 47,8% æfa 1-3 í viku á móti 37,5% stráka en samskonar hlutföll utan höfuðborgarsvæðisins eru 45,9% og 34,8%. Stelpur á höfuðborgarsvæðinu (18,5%) segjast frekar en strákar (17,5%), stunda íþróttir nær aldrei eða sjaldnar en einu sinni í viku. Stelpur stunda íþróttir með íþróttafélagi sjaldnar en strákar og er það óháð búsetu. Hlutfall þeirra er einnig mun hærra en stráka þegar kemur að því að stunda nær aldrei íþróttir með félagi eða sjaldnar en einu sinni í viku. Hlutfallslega æfa fleiri strákar en stelpur oft íþróttir með íþróttafélagi en þó hefur hlutfall stelpna sem æfðu aldrei eða sjaldan íþróttir lækkað frá árinu 2004 til ársins 2010. Hlutfall stelpna á höfuðborgarsvæðinu sem æfa sjaldan eða aldrei íþróttir lækkaði úr 76,1% árið 2004 í 69,5% árið 2010 en hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu fór þetta hlutfall úr 62,2% árið 2004 niður í 59,0% árið 2010. Þegar spurt var um ástæðu þess að hætt var að stunda íþróttir eða líkamsrækt nefndu flestir að tímaskortur hafi skipt frekar eða mjög miklu máli í ákvörðun þeirra um að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi.

Milli 30% og 40% beggja kynja telja svo vera árið 2010, en vissulega geta legið fleiri en ein ástæða að baki slíkri ákvörðun. Þó virðist hafa dregið úr slíkum tímaskorti meðal beggja kynja ef lítið er til árána 2004 og 2007 til samanburðar. Þá telja flestir hlutfallslega, af þeim svörum sem tiltekin eru hér að framan, að mikil samkeppni hafi verið frekar eða mjög mikilvæg ástæða þess að þau hættu að stunda íþróttir með íþróttafélagi og það sama má segja um kostnað. Þegar skoðaðar eru niðurstöður fyrir frjálssar íþróttir, fimleika og sund kemur í ljós að fáir æfa þessar íþróttir þetta oft. Þó er, eins og áður sagði, lítil breyting á milli ára. Árið 2004 æfðu 0,8% stelpna á höfuðborgarsvæðinu fimleika 4 sinnum í viku eða oft, en 1,9% árið 2010. Þróunin er svipuð á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Hjá strákum eru flestir sem stunda sund og frjálssar íþróttir svo oft í viku en einnig er lítil breyting á milli ára meðal þeirra, óháð búsetu. Þá sýna niðurstöður að aukning hefur orðið á ástundun hestamennsku meðal stelpna, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Um 7% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og um 11,7% stelpna utan þess virðast stunda hestamennsku þetta oft árið 2010. Fáar

Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk“ 1992 til 2010




Mynd 15 Hlutfall stráka og stelpna á landinu, árin 1992, 2004 og 2010 eftir því hversu oft þau reyna líkamlega þannig á sig að þau mældist eða svitni.

stelpur stunda skák eða golf, en þó má greina örilitla aukningu í ástundun golfs meðal þeirra og er það óháð búsetu. Meðal stráka virðist einnig hafa orðið aukning í ástundun hestamennsku, eða 1,9% þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 en 4,5% árið 2010. Á bilinu 2-3% stráka virðast iðka skák-

íþróttina og er það óháð búsetu. Hins vegar segjast um 13,5% stráka stunda golf þetta oft og er það óháð búsetu.

Einnig má benda á töflur í viðauka þar sem fleiri upplýsingar um íþróttir og hreyfingu er að finna.



Mynd 16 Hlutfall strákar og stelpna á landinu árin 2000, 2004 og 2010 eftir því hvort þau stundi íþróttir með íþróttafélagi (æfi eða keppi).

II. hluti Félagsstarf og tómstundaiðkun

Á undanförunum árum hefur athygli í auknum mæli verið beint að tómstundum utan skóla og hvernig þær eiga þátt í að skapa lífsstíl og hegðun unglunga. Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós gildi skipulagðs félags- æskulýðs og tómstundastarfs sem forvarnir gegn vímu- efnaneyslu og frávikshögðun unglunga¹⁰. Einkum hefur verið lögð áhersla á þrjá meginþætti þessara jákvæðu áhrifa.

Í fyrsta lagi hafa ýmsir bent á að skipulagt félags- æskulýðs- og tómstundastarf sé þýðingarmikið fyrir unglunga þar sem það veiti þeim tækifæri til að taka þátt í hefðbundnu starfi á vettvangi þar sem þeir geti fundið sér áhugaverða hluti að vinna við og markmið til að keppa að. Skipulagt tómstundastarf er í þessum skilningi „svið“ eins og Bourdieu kallaði það, þar sem hægt er að ná til unglunga og hafa jákvæð áhrif á þá.

Í öðru lagi hafa fræðimenn lagt áherslu á mikilvægt hlutverk fullorðinna í þessu tilliti og


halda því fram að gildi félags- æskulýðs- og tómstundastarfsins sé fólgið í því að það sé skipulagt af fagfólki eða reyndu starfsfólki sem geti haft jákvæð áhrif á unglungana.

Í þriðja og síðasta lagi er bent á mikilvægi þess stuðnings sem unglungarnir hljóti úr starfinu, þar sem vísað er til fjölmargra dæma af unglungum í áhættuhópi sem snéru baki við afbrotum, vegna þátttöku sinnar í skipulögðu starfi, þar sem þeir náðu að mynda samband við fullorðna, og hljóta stuðning og hvatningu, sem þá ef til vill skorti heima við.


Lykilatriðið í þessu sambandi er spurningin um hvort tómstundastarfið sé skipulagt af ábyrgum aðilum sem hafi umsjón með því eða hvort það fari fram einungis með þátttöku jafningja, fjarri fyrirmyndum sem haft geti góð áhrif og stutt við ef leita þarf ráða eða umsjár. Niðurstöður rannsókna sýna skýrt að starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila er líklegri til að hafa uppbyggjandi áhrif í lífi þeirra en starf sem ekki er skipulagt og í umsjá ábyrgra aðila¹¹ og að skipulagt tómstundastarf dregur úr líkum á að

10 Þórolfur Þórlindsson o.þ. 1998; Þórolfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bemburg 2006.

11 Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. 2005; Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. 2006.



Mynd 17 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem fara í bíó, á kaffihús og í partí, vikulega eða oftar.



Mynd 18 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem fara í bíó, á kaffihús og í partí, vikulega eða oft.

unglingar tileinki sér lífsstíl sem einkennist af áhættuhegðun svo sem notkun vímuefna.¹²


Á myndum 17 - 34 gefur að líta skoðun yfir tíma á hlutfalli framhaldsskólanema sem sækja bíó, kaffihús og partí. Einnig má sjá hlutfall þeirra sem fara í leikhús, á söfn og á klassíska tónleika. Þá gefur að líta hlutfall stráka og stelpna sem leggja stund á myndlistarnám, hannyrðir og leiklist. Eins má sjá þátttöku í tónlistarstarfi, í skátastarfi, ungliðastarfi björgunarsveita og ungmennastarfi Rauða kross Íslands. Þá má sjá hlutfall framhaldsskólanema eftir því hversu mikinn þátt þeir segjast taka í félagslífi skólans síns. Einnig má sjá hversu margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur sem og að lesa dagblöð. Að lokum má sjá niðurstöður fyrir stráka og stelpur eftir því hve mikið þau segjast vinna með námi sínu á viku.

Á myndum 17 og 18 gefur að líta samanburð milli ára 2004, 2007 og 2010 á hlutfalli framhaldsskólanema sem stunda tiltekið óskipulagt frístundastarf. Hér að ofan má sjá hlutföll þeirra sem sækja bíó, kaffihús og partí

vikulega eða oft. Myndirnar sýna samanburð milli ára, milli kynja og eftir búsetu. Eins og sjá má þá eru kaffihús og partí vinsælust af því sem um ræðir meðal stelpna og er það óháð búsetu. Mikilvægt er að benda á að verulega hefur dregið úr ástundum þessara óskipulögðu tímstunda. Árið 2004 sögðust 7,2% stelpna á höfuðborgarsvæðinu fara vikulega eða oft í bíó en 4,2% árið 2010. Eins sögðust 19,9% stelpna árið 2007 fara í partí þetta oft, en 12,8% árið 2010. Hjá strákum eru bíóferðir yfirleitt algengari en kaffihúsaferðir og er það jafnframt óháð búsetu. Eins hefur dregið verulega úr partíum meðal stráka og er það óháð búsetu. Eins og myndin sýnir, þá sögðust 22,0% stráka á höfuðborgarsvæðinu fara í partí þetta oft árið 2004, en um 13,4% árið 2010.

Á myndum 19 og 20 gefur að líta samanburð milli ára 2004, 2007 og 2010 á hlutfalli framhaldsskólanema sem stunda það að fara í leikhús, á söfn, eða á klassíska tónleika, einu sinni í mánuði eða oft. Árið 2007 segjast tæplega 3% stelpna á höfuðborgarsvæðinu fara í leikhús mánaðarlega eða oft, en nú í ár er þetta hlutfall 4,3%. Þá segjast um 1- 2%


¹² Piko og Fitzpatrick 2004.




Mynd 19 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem fara í leikhús, á söfn, eða á klassíska tónleika, mánaðarlega eða oftar.

stelpna fara reglulega á söfn og er lítil breyting á því yfir tímabilið. Að sama skapi sögðust um 2% stráka fara í leikhús í það minnsta einu

sinni í mánuði árið 2004 en þetta hlutfall er rúm 4,2% árið 2010.




Mynd 20 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem fara í leikhús, á söfn, eða á klassíska tónleika, mánaðarlega eða oftar.




Mynd 21 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oft.

Á myndum 21 og 22 má skoða samanburð á hlutfalli stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oft. Fram kemur að hlutfall stelpna og stráka sem stunda

myndlistarnám og leiklist er nokkuð svipað yfir tímabilið, óháð búsetu. Örlítil aukning hefur verið á iðkun hannyrða, fatasaums og fatahönnunar meðal stelpna. Árið 2004 sögðust 3,9% stelpna á höfuðborgarsvæðinu iðka slíkt, en 5% árið 2010. Um og yfir 1% stráka




Mynd 22 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oft.




Mynd 23 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum, tónlistarnám, og lúðrasveit (skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit) vikulega eða oftár.

gera svo allt tímabilið. Leiklistin virðist vera einna vinsælust meðal strákanna, en á bilinu 3-4% þeirra segjast leggja stund á hana yfir tímabilið.

Á myndum 23 og 24 gefur að líta samanburð meðal framhaldsskólanema árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda tiltekna gerðir tónlistariðkunar. Fram kemur fjöldi þeirra




Mynd 24 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum, tónlistarnám, og lúðrasveit (skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit) vikulega eða oftár.




Mynd 25 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ, vikulega eða oftar.

sem stunda hljómsveit með vinum og/eða vinkonum, tónlistarnám, og þá sem stunda lúðrasveit, skólahljómsveit (tónlistarskólahljómsveit), vikulega eða oftar. Myndirnar sýna samanburð milli kynja og eftir búsetu. Hjá báðum kynjum, óháð búsetu virðist tónlistarnám einna mest stundað. Hjá strákum utan höfuðborgarsvæðisins hefur þó örlítið

dregið úr slíkri iðkun ef horft til árána 2007 (10,7%) og 2010 (9,3%). Sömu sögu er einnig að segja um stráka á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2007 segjast 12,1% stunda tónlistarnám þetta oft en 9,9% árið 2010. Hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu stendur þetta hlutfall hins vegar nokkuð í stað milli árána þriggja sem um ræðir eða um og yfir 12%. Fáar stelpur spila



Mynd 26 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ, vikulega eða oftar.



Mynd 27 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve mikinn þátt þær segjast taka í félagslífi skóla síns.


hins vegar í hljómsveit og er það óháð búsetu. Enn fremur verða litlar breytingar á milli ára. Færri spila með lúðrasveit (skólahljómsveit, eða tónlistarskólahljómsveit) og er það óháð búsetu og kyni, eða í kringum 3%.

Á myndum 25 og 26 gefur að líta samanburð meðal framhaldsskólanema árin 2004, 2007 og 2010 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf Rauða kross Íslands, vikulega eða oftar. Myndirnar sýna samanburð milli ára, milli kynja og eftir búsetu. Strákar og stelpur utan höfuðborgarsvæðisins sækja frekar en þeir sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu í ungliðastarf björgunarsveita. Fleiri strákar á höfuðborgarsvæðinu sækja í skátastarf en meðal stelpnanna er hlutfallið afar svipað.

Á myndum 27 og 28 gefur að líta samanburð meðal framhaldsskólanema árin, 2004, 2007 og 2010 eftir því hve mikinn þátt þau segjast taka í félagslífi skólans síns. Myndirnar sýna einnig samanburð milli kynja og eftir búsetu. Virðist fremur draga úr hlutfallslegum fjölda þeirra yfir tíma sem taka mjög mikinn eða mikinn þátt í félagslífi skólans. Þó má greina

aukningu meðal stelpna utan höfuðborgarsvæðisins. Árið 2004 voru 35,1% stelpna sem sögðust stunda félagslífið í skólanum þetta oft, en 37,6% árið 2010. Meðal stráka utan höfuðborgarsvæðisins varð þó aukning milli árána 2004 (32,6%) og 2007 (38,3%), en í ár hefur það aftur lækkað (34,5%). Fleiri strákar en stelpur á höfuðborgarsvæðinu taka nær engan eða lítinn þátt í félagslífi skólans síns. Á hinn bóginn taka heldur fleiri stelpur á höfuðborgarsvæðinu í meðallagi oft þátt í félagslífinu en strákar. Þannig sögðust árið 2010 um 36,0% stelpna á höfuðborgarsvæðinu taka svo oft þátt í félagslífi skólans síns, en 32,6% stráka.


Á myndum 29 og 30 gefur að líta hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota á viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur. Á myndunum má sjá að lestur bóka hefur minnkað talsvert milli árána 2007 og 2010 og á það bæði við þá sem lesa í ½-3 klst á viku og í 4 klst eða meira í viku hverri og er jafnframt óháð kyni og búsetu. Af þessu leiðir að þeim einstaklingum hefur fjölgað hlutfallslega sem segjast




Mynd 28 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve mikinn þátt þeir segjast taka í félagslífi skóla síns.

ekki nota neinn tíma í bóklestur utan skólabóka í viku hverri og er þessi þróun óháð búsetu og kyni. Árið 2007 voru 30,6% stráka á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust engum tíma eyða í bóklestur utan skólabóka en

43,5% árið 2010. Samskonar hlutföll meðal stráka utan höfuðborgarsvæðisins voru rúm 38,1% árið 2007 en um 48,5% árið 2010. Hjá stelpum má greina samskonar þróun án tillits til búsetu. Hlutfall þeirra sem segjast



Mynd 29 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve margar klukkustundir þær segjast nota í viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur.




Mynd 30 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota á viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur.


engum tíma eyða í bóklestur utan skólabóka hefur hækkað umtalsvert milli árána 2007 og 2010.

Hér má sjá, á myndum 31 og 32, hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007 og

2010 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð. Sem fyrr má skoða þróun milli ára og á milli kynja. Eins og myndirnar sýna þá virðist lestur dagblaða í 1/2 - 3 klst hafa dregist saman og er það óháð kyni og búsetu. Að sama skapi




Mynd 31 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve margar klukkustundir þær segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð.




Mynd 32 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð.

hefur lestur dagblaða í 4 klst eða meira, einnig dregist saman og þar af leiðandi hlutfall þeirra sem segjast nota engan tíma í slíkan lestur, aukist.

Á myndum 33 og 34 má sjá samanburð milli árunna 2004, 2007 og 2010 milli stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess eftir því hve mikið þau segjast vinna með námi á viku. Stelpur virðast vinna meira með náminu



Mynd 33 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve mikið þær segjast vinna með námi sínu á viku.



Mynd 34 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve mikið þeir segjast vinna með námi sínu á viku.

en strákar og sömu tilhneigingar gætir hvort sem lítið er til höfuðborgarsvæðisins eða utan þess. Á það jafnframt við í báðum flokkum, þ.e. 1-14 klst eða 15 klst eða meira. Hærra hlutfall stráka en stelpna vinnur ekki með náminu og er það óháð búsetu. Þannig vinna um 42,4% stelpna á höfuðborgarsvæðinu árið 2010 í 1-14 klst á viku. Athygli vekur að um 18,5% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og um 19,1% utan þess vinna meira en 15 stundir á viku með námi sem er þó örlítið lægra hlutfall en árið 2007.

Á hinn bóginn vinna rúm 29,5% stráka á höfuðborgarsvæðinu í 1-14 klst á viku með námi sínu en 29,1% þeirra sem búsettir eru utan þess. Fleiri stelpur en strákar vinna í 15 stundir eða meira á viku en um 13,0% stráka utan höfuðborgarsvæðisins vinna svo mikið með námi á móti 19,1% stelpna.

Samantekt úr myndum í II. hluta.


Á myndum 17 – 34 má sjá niðurstöður sem varða óskipulagða tómsundaiðkun stelpna og stráka á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins. Sýna niðurstöður að kaffihús og partí eru vinsælust af því sem um ræðir meðal stelpna og er það óháð bú-

setu. Þó hefur dregið úr þessari ástundun á milli ára. Árið 2004 sögðust 7,2% stelpna á höfuðborgarsvæðinu fara vikulega eða oftár í bíó en 4,2% árið 2010. Eins sögðust 19,9% stelpna árið 2007 fara í partí þetta oft, en 12,8% árið 2010. Hjá strákum eru bíóferðir yfirleitt algengari en kaffihúsaferðir og er það jafnframt óháð búsetu. Eins hefur dregið verulega úr partíferðum stráka og er það óháð búsetu. Eins og myndin sýnir, þá sögðust 19,3% stráka utan höfuðborgarsvæðisins fara í partí þetta oft árið 2004, en um 12% árið 2010. Framhaldsskólanemendur voru einnig beðnir um að meta hversu oft þeir færu í leikhús, á söfn, eða á klassíska tónleika, einu sinni í mánuði eða oftár. Árið 2007 segjast tæplega 3% stelpna á höfuðborgarsvæðinu í leikhús þetta oft, en nú í ár er þetta hlutfall 4,3%. Þá segjast um 1-2% stelpna fara reglulega á söfn og er lítil breyting á því yfir tímabilið. Að sama skapi sögðust um 2% stráka fara í leikhús í það minnsta einu sinni í mánuði árið 2004 en þetta hlutfall er rúm 4,2% árið 2010. Niðurstöður framhaldsskólanema sýna að hlutfall þeirra nemenda sem stunda myndlistarnám og leiklist er nokkuð svipað yfir tímabilið, óháð búsetu. Örlítil aukning


hefur verið á iðkun hannyrða, fatasaums og fatahönnunar meðal stelpna, árið 2004 sögðust 3,9% stelpna á höfuðborgarsvæðinu iðka slíkt, en 5% árið 2010. Um og yfir 1% stráka gera svo allt tímabilið. Leiklistin virðist vera einna vinsælust meðal strákanna, en á bilinu 3-4% þeirra segjast leggja stund á hana yfir tímabilið. Niðurstöður sem snúa að tónlistariðkun framhaldsskólanema sýna að tónlistarnám einna mest stundað og er það óháð kyni og búsetu. Hjá strákum utan höfuðborgarsvæðisins hefur þó orlitíð dregið úr slíkri iðkun ef horft til áraanna 2007 (10,7%) og 2010 (9,3). Fáar stelpur spila hins vegar í hljómsveit og er það óháð búsetu. Enn fremur verða litlar breytingar á milli ára. Færri spila með lúðrasveit, skólahljómsveit, eða tónlistarskólahljómsveit og er það óháð búsetu og kyni, eða í kringum 3%. Loks sýndu niðurstöður að framhaldsskólanemar utan höfuðborgarsvæðisins sækja frekar en þeir sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu í ungliðastarf björgunarsveita. Fleiri strákar á höfuðborgarsvæðinu sækja í skátastarf en meðal stelpnanna er hlutfallið afar svipað. Þá má sjá athugun yfir tíma á því hversu mikinn þátt nemendur í framhaldsskóla taka í félagslífi skólans. Eins og niðurstöður gefa til kynna þá dregur yfir tíma úr hlutfallslegum

fjölda þeirra sem taka mjög mikinn eða mikinn þátt í félagslífi skólans. Þó má greina aukningu meðal stelpna utan höfuðborgarsvæðisins. Árið 2004 voru 35,1% stelpna sem sögðust stunda félagslífið í skólanum þetta oft, en 37,6% árið 2010. Meðal stráka utan höfuðborgarsvæðisins varð þó aukning milli áraanna 2004 og 2007 en hlutfallið fór úr 32,6% í 38,3%, en í ár hefur það aftur lækkað (34,5%). Fleiri strákar en stelpur á höfuðborgarsvæðinu taka nær engan eða lítinn þátt í félagslífi skólans síns. Á hinn bóginn taka heldur fleiri stelpur á höfuðborgarsvæðinu í meðallagi oft þátt í félagslífinu en strákar. Þannig sögðust árið 2010 um 36% stelpna á höfuðborgarsvæðinu taka svo oft þátt í félagslífi skólans síns, en 32,6% stráka. Þá má einnig sjá á myndunum hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota á viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur. Á myndunum má sjá að lestur bóka hefur minnkað talsvert milli áraanna 2007 og 2010 og á það bæði við þá sem lesa í 1/2-3 klst á viku og í 4 klst eða meira í viku hverri og er jafnframt óháð kyni og búsetu. Af þessu leiðir að þeim einstaklingum hefur fjölgað hlutfallslega sem segjast ekki nota neinn tíma í bóklestur utan skólabóka í

Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk“ 2000 til 2010




Mynd 35 Hlutfall stráka og stelpna á landinu árið 2000, 2004 og 2010 eftir því hvað þeir segjast nota margar tíma að jafnaði á viku í að lesa bækur, aðrar en skólabækur.



Mynd 36 Hlutfall stráka og stelpna á landinu árið 2000, 2004 og 2010 eftir því hversu oft þau fara í parti.

viku hverri og er þessi þróun óháð búsetu og kyni. Árið 2007 voru 30,6% stráka á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust engum tíma eyða í bóklestur utan skólabóka en 43,5% árið 2010. Samskonar hlutföll meðal stráka utan höfuðborgarsvæðisins voru rúm 38,1% árið 2007 en um 48,5% árið 2010. Hjá stelpum má greina samskonar þróun án tilliti til búsetu. Hlutfall þeirra sem segjast engum tíma eyða í bóklestur utan skólabóka hefur hækkað umtalsvert milli árána 2007 og 2010. Sem fyrr má skoða þróun milli ára og á

milli kynja. Eins og myndirnar sýna þá virðist lestur dagblaða í ½ - 3 klst hafa dregist saman og er það óháð kyni og búsetu. Að sama skapi hefur lestur dagblaða í 4 klst eða meira, einnig dregist saman og að sama skapi aukist hlutfall þeirra sem segjast nota engan tíma í slíkan lestur. Að lokum má sjá niðurstöður meðal stelpna og stráka eftir því hve mikið þau segjast vinna með námi á viku. Stelpur virðast vinna meira með náminu en strákar og sömu tilhneingingar gættir hvort sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða utan þess. Á það



Mynd 37 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla árin 1992, 2004 og 2010 eftir því hversu marga tíma að jafnaði þau vinna með skólanum á viku.

jafnframt við í báðum flokkum, þ.e. 1-14 klst eða 15 klst eða meira. Hærra hlutfall stráka en stelpna vinnur ekki með náminu og er það óháð búsetu. Athygli vekur að um 18,5% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og um 19,1% utan þess vinna meira en 15 stundir á viku með námi sem er þó örlítið lægra hlutfall en árið 2007. Fleiri stelpur en strákar vinna í 15

stundir eða meira á viku en um 13,0% stráka utan höfuðborgarsvæðisins vinna svo mikið með námi á móti 19,1% stelpum.

Einnig má benda á viðauka þar sem fleiri upplýsingar um félags- og tómstundastarf er að finna.

III. hluti Tengsl við foreldra

Á undanförunum árum hefur áhugi á mikilvægi fjölskyldunnar í því að draga úr mögulegri frávikshægðun aukist til muna og fjölmargar rannsóknir verið gerðar á því hvernig fjölskyldugerð og eining hennar tengist þáttum í lífi unglinga. Margar þessara rannsókna beinast að því skoða hvernig eftirlit foreldra, agi og reglur geti dregið úr líkum á frávikshægðun. Almennt ganga þessar kenningar út frá því að foreldrar hvetji börn sín til hlýðni með beinni og/eða óbeinni stjórnun. „Beina stjórnunin“ er fólgin í eftirliti, aga og reglum, og virkri refsingu og umbun. „Óbeina stjórnunin“ er á hinn bóginn fólgin í því að hafa áhrif á hegðun barnsins í gegnum tengslin við það; foreldrar eiga samkvæmt þessu að geta dregið úr líkum á frávikshægðun hvort sem þeir eru viðstaddir eða ekki þegar freistingin eða tilboðið um að hana kemur upp. Leiði unglíngarnir ekki hugann að viðbrögðum foreldranna við þessar aðstæður, er þeim þannig frjálst að fremja verknaðinn. Mikilvægi þessa hefur verið viðurkennt allt frá því að Durkheim birti rannsókn sína á sjálfsmorðum árið 1897. Durkheim taldi að í einingu sam-

félagsins væri fólgin stjórnun sem héldi aftur af einstaklingnum og skærast í leikinn ef þeir villtust af braut. Tengsl unglinga við foreldra sína, sá stuðningur sem þeir fá frá foreldrum, jákvætt eftirlit foreldra og sá tími sem unglingar verja með foreldrum sínum. Allt eru þetta þættir sem vega þungt þegar kemur að því að draga úr líkum á að unglingar leiðist út í hegðun sem reynst getur þeim hættuleg og auka líkur á að þeim gangi vel.¹³ Foreldrar eru ungu fólki mikilvægir og sterkar fyrirmyndir¹⁴ og eru lykilaðilar í félagslegu stuðningsneti þeirra¹⁵. Rannsóknir hafa t.d. sýnt að aðhald, eftirlit og stuðningur foreldra hefur jákvæð áhrif á námsárangur ungmenna¹⁶, og að þeir unglingar sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og eru vel tengdir þeim eru ólíklegri en aðrir unglingar til að leiðast út í notkun vímuefna. Þá eru þeir ólíklegri til að leiðast sjálfir út í vímuefnaneyslu, jafnvel þótt þeir lendi í félagsskap þar sem vímuefnaneysla er algeng.¹⁷ Þess utan eru unglingar sem eiga


13 Coleman, 1988; Warr, 1993, Þóroddur Bjarnason o.þ. 2005.

14 Bandura, 1977.


15 O'Byrne o.þ. 2002.

16 Coleman, 1988; Sheldon og Epstein 2005.

17 Bachman o.þ. 1987.



Mynd 38 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segjast oft gera eftirtalið með fjölskyldu sinni: Horfa á sjónvarp, stunda íþróttir eða útivist, tala saman.




Mynd 39 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segjast oft gera eftirtalið með fjölskyldu sinni: Horfa á sjónvarp, stunda íþróttir eða útvíst, tala saman.

stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína, og fá mikinn stuðning frá þeim, líklegri til að líða vel í skóla¹⁸ og eignast vini sem gengur og líður vel í skóla.¹⁹

18 Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. 2006.

19 Þórólfur Þórlindsson o.þ. 1998.

Á myndum 38 - 41 má sjá þróun yfir tíma á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum, á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, eftir því hve oft þau horfi á sjónvarp, stundi íþróttir eða útvíst með foreldrum sínum, eða tali saman með þeim, og hvort þau hafi greiðan



Mynd 40 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.


aðgang að ráðleggingum varðandi námið frá foreldrum sínum.

Á myndum 38 og 39 sjáum við hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 og samverustundir þeirra með fjölskyldu sinni með tilliti til búsetu. Fram kemur að stúlkur virðast frekar tala við foreldra sína eða forráðamenn en strákar og er það óháð búsetu. Talsverð aukning er á slíkum samverustundum milli ára, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess meðal beggja kynja. Undantekning frá þessu eru þó stelpur utan höfuðborgarsvæðisins, en þar hefur dregið örlítið úr slíkum samverustundum milli árána 2007 (75,6%) og 2010 (74,5%). Stelpur horfa frekar á sjónvarp með fjölskyldunni sinni en strákar og er það óháð búsetu. Strákar virðast almennt frekar stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni en stelpur og er það einnig óháð búsetu. Hins vegar stunda stelpur utan höfuðborgarsvæðisins frekar íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni en stelpur á höfuðborgarsvæðinu.

Á myndum 40 og 41 má sjá hversu auðvelt eða erfitt ungmenni telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum, eftir kyni og búsetu, með skoðun á þróun milli árána 2004, 2007 og 2010. Ungmenni sem búsett eru á höfuðborgarsvæðinu telja sig eiga auðveldara með að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum en þau sem búsett eru utan þess og er munurinn óháður kyni. Aukning er þó greinanleg milli ára hjá bæði strákum og stelpum utan höfuðborgarsvæðisins sem segjast eiga mjög auðvelt með að fá slíkar ráðleggingar. Ungmenni sem búsett eru utan höfuðborgarsvæðis telja frekar en þau sem búsett eru á höfuðborgarsvæðinu að þau eigi mjög eða frekar erfitt með að fá ráðleggingar varðandi námið og er sá munur óháður kyni.


Samantekt úr myndum III. hluta

Á myndum 38 - 41 má sjá hlutfall stráka og stelpna eftir því hve oft þau horfa á sjónvarp, stunda íþróttir eða útivist með foreldrum sínum, eða tali saman og hvort þau hafi greiðan aðgang að ráðleggingum varðandi námið frá foreldrum sínum. Niðurstöður sýna að stelpur



Mynd 41 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.


Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk“ 2000 til 2010



Mynd 42 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla árin 2000, 2004 og 2010 eftir því hversu vel það á við um þau að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvenær þau eigi að vera komin heim á kvöldin.

horfa frekar á sjónvarp með fjölskyldunni sinni en strákar og er það óháð búsetu. Strákar virðast almennt frekar stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni en stelpur og er það einnig óháð búsetu. Hins vegar stunda stelpur utan höfuðborgarsvæðisins frekar íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni en stelpur á höfuðborgarsvæðinu. Ungmennni sem búsett eru á höfuðborgarsvæðinu telja

sig eiga auðveldara með að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum en þau sem búsett eru utan þess og er munurinn óháður kyni. Aukning er þó greinanleg milli ára hjá bæði strákum og stelpum utan höfuðborgarsvæðisins sem segjast eiga mjög auðvelt með að fá slíkar ráðleggingar. Ungmennni sem búsett eru utan höfuðborgarsvæðis telja frekar en þau sem búsett eru



Mynd 43 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla árin 2000, 2004 og 2010 eftir því hversu vel það á við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin.

á höfuðborgarsvæðinu að þau eigi mjög eða frekar erfitt með að fá ráðleggingar varðandi námið og er sá munur óháður kyni. Að lokum sýna niðurstöður að stúlkur virðast frekar tala við foreldra sína eða forráðamenn en strákar og er það óháð búsetu. Talsverð aukning er á slíkum samverustundum milli ára, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess meðal

beggja kynja. Undantekning frá þessu eru þó stelpur utan höfuðborgarsvæðisins, en þar hefur dregið örlítið úr slíkum samverustudnum milli ára 2007 (75,6%) og 2010 (74,5%).

Að auki má benda á töflur í viðauka þar sem fleiri upplýsingar um samband framhaldsskólanema við foreldra sína er að finna.

IV. hluti Jafningjar og traust til stofnana

Unglingar verða vissulega fyrir áhrifum úr mörgum áttum, og þessi áhrif eru oft samtvinnuð og víxlverkandi. Þeir taka þátt í óskipulögðum tólmstundum, eins og að halda til niðri í bæ eða fara í partí. Þeir beina líka kröftum sínum í farvegi sem eru til þess fallnir að auka menningarauð, leika og læra á hljóðfæri, hlusta á klassíska tónlist, taka þátt í dansi og sækja leikhús. Þáttur sem vegur afar þungt á þessum aldri eru áhrif jafningjahópsins. Innlendir og erlendir rannsóknir sýna að áhrif jafningjahópsins eru sterk og að hugmyndir, viðmið og gildi hópsins eru jafnan mikilvægustu atriðin sem fram koma þegar spá á fyrir um tiltekna þætti innan hans²⁰ ásamt þáttum sem tengjast foreldrum og fjölskyldu. Námsárangur er þar ágætt dæmi. Unglingar sem eiga vini og félagana sem gengur vel í námi eru líklegri til að ganga einnig vel en þeir sem eiga vini sem gengur verr í námi sínu.²¹ Margskonar áhættu hegðun og


heilsu hegðun barna og ungmenna hefur einnig verið rannsökuð vandlega með tilliti til jafningjanna. Benda þær meðal annars til þess að unglingar sem stunda íþróttir og reglulega hreyfingu séu líklegri til að eiga vini sem gera svo einnig²² og þá stuðla neikvæð viðbrögð félaganna við tóbaksnotkun að minnkandi líkum á slíkri neyslu.²³ Einnig hafa rannsóknir sýnt að skemmtanalífsstíll jafningjanna hefur áhrif á líkur á vímuefnanotkun unglinga²⁴.

Á myndum 44 - 48 í fjórða hluta gefur að líta niðurstöður sem sýna þróun yfir tíma á mikilvægi náms meðal stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, í ljósi þess hve auðvelt eða erfitt þau telji að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni og hvort þau telji aðstoð við ýmis verk auðfengna hjá félögum. Í lok kaflans má sjá hlutfall stelpna og stráka eftir trausti þeirra til kirkjunnar, dómstóla, lögreglu og Alþingis.


Á myndum 44 og 45 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007

20 Altermatt og Pomerantz 2005; Bowker o.p 2000; Carter o.p. 2003.
21 Zettergren 2003.

22 Álfgeir Logi Kristjánsson o.p. 2006.
23 Álfgeir Logi Kristjánsson o.p. 2008a.
24 Þóroldur Þórlindsson og Jón Gunnar Bemburg, 2006.




Mynd 44 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni.




Mynd 45 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni.

og 2010 eftir því hve auðvelt eða erfitt þau telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni. Hjá stelpum búsettum á höfuðborgarsvæðinu sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni er nánast engin breyting þegar litið yfir tíma; hlutfallið er á bilinu 77-78% öll árin. Hlutfallið er örlítið lægra hjá

stelpum búsettum utan höfuðborgarsvæðis eða á bilinu 73-74%. Hjá strákum búsettum á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið hins vegar 44,9% árið 2007 hjá þeim sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni en 47,6% árið 2010. Mikinn kynjamun má því sjá á svörum við þessari spurningu. Einnig má sjá að strákar




Mynd 46 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.



Mynd 47 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.

eru mun líklegri en stelpur til að segja mjög eða frekar erfitt að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni. Sem dæmi telja tæp 16% stráka á höfuðborgarsvæðinu svo vera árið 2010 en um 5% stelpna.

Á myndum 46 og 47 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum með samanburði milli árána 2004, 2007 og 2010 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeim finnst að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Stelpur svara því oftast til að þær eigi mjög auðvelt með



Mynd 48 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla á landinu árin 2004 og 2010 eftir því hversu mikið traust (mjög eða frekar mikið) þau bera til: kirkjunnar, dómstóla, lögreglu og Alþingis.

að fá aðstoð með ýmis verk hjá vinum sínum og er það óháð búsetu. Um 62,5% stelpna á höfuðborgarsvæðinu svara þessu til árið 2010 en 48,7% stráka á höfuðborgarsvæðinu. Í heild verða litlar breytingar á milli ára meðal beggja kynja, óháð búsetu, en stelpur eru þó mun líklegri en strákar til að segja það mjög auðvelt að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Strákar eru einnig hlutfallslega töluvert fleiri en stelpur í hópi þeirra sem segjast eiga frekar eða mjög erfitt með að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Á heildina litið eru þó fremur fáir sem telja það mjög eða frekar erfitt að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.


Á mynd 48 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla á landinu öllu eftir því hversu mikið traust (mikið eða frekar mikið) þau bera til: kirkjunnar, dómstóla, lögreglu og Alþingis. Eins og myndin sýnir þá virðist traustið mest til lögreglu árið 2010 en 78,3% stráka svara þessu svona til, en 79,8% stelpna. Traustið virðist hafa aukist í garð lögreglu ef horft er til ársins 2004 til samanburðar, en þá segjast 54,2% stráka og 67,6% stelpna bera þetta mikið traust til lögreglunnar. Hlutfallslega fæstir virðast treysta Alþingi og á það jafnt við um bæði árin, en 36,6% stráka segjast bera þetta mikið traust til Alþingis og 30,0% stelpna, árið 2010. Til samanburðar má sjá að árið 2004 segjast 42,5% stráka bera þetta mikið traust til Alþingis, en 44% stelpna. Árið 2010 virðast stelpur (59,9%) frekar bera meira traust til kirkjunnar en strákar (54,7%), en strákar (60,7%) virðast á hinn bóginn bera meira traust til dómstóla en stelpur (56,5%).

Samantekt úr myndum í IV. hluta

Samantekt úr myndum 44-48 sýnir hve auðvelt eða erfitt framhaldsskólanemar telji að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni, og hvort þau telji aðstoð við ýmis verk auðfengna hjá félögunum. Hjá stelpum búsettum á höfuðborgarsvæðinu sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni er nánast engin breyting þegar litið yfir tíma; hlutfallið er á bilinu 77 - 78% öll árin. Hlutfallið er örlítið lægra hjá

stelpum búsettum utan höfuðborgarsvæðis eða á bilinu 73 - 74%. Hjá strákum búsettum á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið hins vegar 44,9% árið 2007 hjá þeim sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni en 47,6% árið 2010. Mikinn kynjamun má því sjá á svörum við þessari spurningu. Einnig má sjá að strákar eru mun líklegri en stelpur til að segja mjög eða frekar erfitt að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni. Sem dæmi telja tæp 16% stráka á höfuðborgarsvæðinu svo vera árið 2010 en um 5% stelpna. Jafnframt má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum eftir því hve auðvelt eða erfitt þeim finnst að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Stelpur svara því oftast til að þær eigi mjög auðvelt með að fá aðstoð með ýmis verk hjá vinum sínum og er það óháð búsetu. Um 62,5% stelpna á höfuðborgarsvæðinu svara þessu til árið 2010 en 48,7% stráka á höfuðborgarsvæðinu. Í heild verða litlar breytingar á milli ára meðal beggja kynja, óháð búsetu, en stelpur eru þó mun líklegri en strákar til að segja það mjög auðvelt að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Strákar eru einnig hlutfallslega töluvert fleiri en stelpur í hópi þeirra sem segjast eiga frekar eða mjög erfitt með að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Á heildina litið eru þó fremur fáir sem telja það mjög eða frekar erfitt að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Að lokum má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla á landinu öllu eftir því hversu mikið traust (mikið eða frekar mikið) þau bera til: kirkjunnar, dómstóla, lögreglu og Alþingis. Traustið virðist vera mest til lögreglu árið 2010 en 78,3% stráka svara þessu svona til, en 79,8% stelpna. Traustið virðist hafa aukist í garð lögreglu ef horft er til ársins 2004 til samanburðar, en þá segjast 54,2% stráka og 67,6% stelpna bera þetta mikið traust til lögreglunnar. Hlutfallslega fæstir virðast treysta Alþingi og á það jafnt við um bæði árin, en 36,6% stráka segjast bera þetta mikið traust til Alþingis og 30,0% stelpna, árið 2010. Til samanburðar má sjá að árið 2004 segjast 42,5% stráka bera þetta mikið traust til Alþingis, en 44% stelpna. Árið

Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk“ 2000 til 2010



Mynd 49 Hlutfall stráka og stelpna á landinu öllu eftir því hversu auðvelt eða erfitt það værir fyrir þau að fá umhyggju og hlýju frá vinum sínum, árin 2000, 2004 og 2010

2010 virðast stelpur (59,9%) frekar bera meira traust til kirkjunnar en strákar (54,7%), en strákar (60,7%) virðast á hinn bóginn bera meira traust til dómstóla en stelpur (56,5%). Árið 2004 virðist traustið til áðurnefndra stofnana vera meira hjá stelpum en strákum.

Að auki má benda á töflur í viðauka þar sem fleiri upplýsingar um tengsl framhaldsskólanna við vini og jafningja er að finna.

V. hluti Nám, skóli og námsörðugleikar


Framhaldsskólinn er vinnustaður þeirra ungmenna sem hann sækja og þar verja þau drjúgum tíma á mótandi aldurskeiði. Almennt hafa rannsóknir leitt í ljós að skólinn er mikilvægur vettvangur í lífi ungmenna; þar stunda þau sitt nám, taka við nýrri þekkingu og verða fyrir áhrifum frá kennurum sínum. Síðast en ekki síst mynda þau þar tengsl við vini og félag, sem á þessum árum erum veigamiklir áhrifaavaldar á líf einstaklingsins. Í mörgum tilvikum eru vinatengsl sem stofnað er til á þessu aldurskeiði komin til að vara ævilangt. Tengsl ungmenna við skólann sinn, líðan þeirra í skólanum, og skuldbinding þeirra við námið eru mikilvægir þættir í líðan þeirra og sjálfsmynd²⁵. Rannsóknir sýna einnig að lífsstíll unglinga á þessum árum er sterklega tengdur námsárangri²⁶. Skólinn er lykilvettvangur ungmenna, sem hefur mótandi og oft varanleg áhrif á framtíð þeirra. Það er því brynt að samstaða ríki um að hlúð sé

25 Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. 2005, 2006; Coleman 1988; Hirchi 1969.
26 Crosnoe o.þ. 2002; Lahelma 2002; Roeser o.þ. 1996; Smerdon 2002.


að skólastarfinu, ekki síst á erfiðum tímum þjóðar; að reynt sé að sjá til þess að öflugt og fjölbreytt starf framhaldsskólanna verði ekki fyrir varanlegum áföllum, að sem flestu ungu fólki sé beint í nám og að leitast sé við að hver og einn finni nám við sitt hæfi.

Á myndum 50 - 58 má sjá athugun yfir tíma á því hve miklum tíma nemendur segjast verja í heimanám, og hvort þeir telji að námið sé tilgangslaust eða að þeim leiðist námið. Þá gefur að líta skoðun yfir tíma á fjölda nemenda sem segja námið of létt eða of þungt. Einnig má sjá í töflu yfirlit yfir þá þætti sem nemendur (% og fjöldi) telja að hafi mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Einnig eru skoðaðar helstu ástæður fyrir vali nemenda á framhaldsskóla og þróun í fjölda þeirra sem ætla sér í háskólanám eða annað nám að loknum framhaldsskólanum.

Á myndum 50 og 51 má sjá hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve miklum tíma þau segjast verja í heimanám daglega. Talsverðan mun má sjá milli stelpna og stráka. Strákar verja almennt minni tíma í heimanám en stelpur og er það óháð búsetu. Um 60,1%




Mynd 50 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve miklum tíma þær segjast eyða daglega í heimanám.




Mynd 51 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 eftir því hve miklum tíma þeir eyða daglega í heimanám.

stráka utan höfuðborgarsvæðisins sögðust verja um ½ klukkustund eða minna daglega í heimanám árið 2007 en 30,0% stelpna. Um 38,0% stelpna á höfuðborgarsvæðinu segjast verja um tveimur klukkustundum eða meira í heimanám daglega árið 2010 en 27,2%

stráka. Minni dreifing er í svörum stelpna þegar þróun yfir tíma er skoðuð samanborið við stráka. Vert er þó að taka fram að strákar virðast vera farnir að eyða meiri tíma í heimavinnu ef niðurstöður fyrir árið 2010 eru skoðaðar og er það óháð búsetu.




Mynd 52 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust og að þeim leiðist námið.




Mynd 53 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust og að þeim leiðist námið.

Á myndum 52 og 53 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust og hlutfall þeirra sem segir

að þeim leiðist námið. Á myndunum má sjá talsverðan kynjamun óháð búsetu. Strákar eru líklegri til að þykja námið leiðinlegt og tilgangslaust. Árið 2004 sögðust 31,1% stráka utan höfuðborgarsvæðisins að þeim leiddist



Mynd 54 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið of létt, eða of þungt.



Mynd 55 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnst námið of létt, eða of þungt.


námið í samanburði við 29,9% stráka árið 2010. Þá segja 17,1% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins að þeim leiðist námið og um 4,0% finnst námið tilgangslaust ef árið 2010 er skoðað sérstaklega. Á höfuðborgarsvæðinu segjast 15,8% stelpna að þeim finnst námið

leiðinlegt en 3,2% að þeim finnst það tilgangslaust.

Á myndum 54 og 55 má sjá samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja það

Þættir:	Strákar Höfuðb.svæðið	Strákar Landið	Stelpur Höfuðb.svæðið	Stelpur Landið
Lesblinda	9,2 (303)	11,3 (230)	9,0 (340)	9,5 (189)
Lítill leshraði	12,0 (393)	13,2 (267)	13,7 (518)	13,5 (269)
Skrifblinda	4,6 (151)	5,1 (102)	3,9 (147)	4,2 (83)
Sjónskerðing eða blinda	1,7 (56)	2,5 (51)	1,1 (42)	1,6 (32)
Athyglisbrestur	12,9 (424)	10,9 (221)	9,8 (367)	8,8 (175)
Einbeitingarskortur	19,4 (635)	18,0 (365)	17,2 (645)	16,8 (334)
Heyrnarskerðing eða heyrnarleysi	1,8 (57)	1,7 (34)	0,8 (29)	1,0 (20)
Hreyfiskerðing	1,3 (44)	1,3 (27)	0,5 (19)	0,7 (13)

Tafla 1 Hlutfall og fjöldi stráka og stelpna eftir því hversu mikið (mikið eða mjög mikið) eftirfarandi þættir hafa áhrif á frammistöðu þeirra í námi.




Mynd 56 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja mjög eða frekar líklegt að þau ætli í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi.


eiga oft eða nær alltaf við um sig að þau telji námið of létt eða of þungt. Lítil munur er á hlutföllum stráka og stelpna milli ára en innbyrðis munur á milli kynjanna er merkjanlegur. Greinanlegur munur er þegar litið er til búsetu, þannig telja fleiri ungmenni búsett utan höfuðborgarsvæðisins námið of þungt. Þá finnst hlutfallslega fleiri stelpum en strákum

námið of þungt og að sama skapi færri að það sé of létt og er þróunin svipuð á milli ára.

Eins og sjá má í töflu eitt þá telur hæsta hlutfall ungmenna að einbeitingarskortur hafi mest áhrif á frammistöðu þeirra í námi og er það óháð búsetu og kyni. Einnig nefna nemendur lítinn leshraða og athyglisbrest sem ástæður



Mynd 57 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja mjög eða frekar líklegt að þau ætli í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi strax að loknu núverkandi námi.



Mynd 58 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla árið 2010 sem segja mjög eða frekar líklegt að þau ætli í nám á háskólastigi erlendis.

Þessa. Taflan sýnir einnig niðurstöður fyrir fleiri þætti sem nemendur telja að hamli þeim (mikið eða mjög mikið) í námi þeirra.

Á mynd 56 ber að líta hlutfall stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, árin 2004, 2007 og 2010 sem telja frekar eða mjög líklegt að þau ætli í háskólanám á Íslandi að loknum framhaldsskólanum. Eins og sjá má á myndinni hefur hlutfall þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að þau ætli í háskólanám á Íslandi lækkað lítið eitt frá árinu 2007. Árið 2007 töldu tæp 68,0% stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu frekar eða mjög líklegt að þeir myndu sækja háskólanám á Íslandi strax að loknum framhaldsskóla. Þessi hlutföll eru komin í 66,5% meðal stráka en 64,0% stelpna árið 2010. Munur milli kynja er hins vegar svolítill utan höfuðborgarsvæðisins. Meðal stelpna sem eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, voru 62,7% árið 2007 sem sögðu það mjög eða frekar líklegt að þær færu í háskólanám á Íslandi strax að loknu framhaldsskólanámi, en 61,9% árið 2010.

Á mynd 57 má sjá hlutfalli stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, árin 2004, 2007 og 2010 sem telja frekar eða

mjög líklegt að þau fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi strax að loknu núverandi námi. Eins og sjá má er hér er um ákveðna þróun að ræða miðað við hlutfallslegan fjölda nemenda sem telja líklegt að þeir muni sækja háskólanám strax að loknum framhaldsskólanum. Árið 2004 sögðust rúm 25% stráka og rúm 24% stelpna á höfuðborgarsvæðinu, telja það frekar eða mjög líklegt að þau myndu sækja nám strax að loknum framhaldsskólanum, sem ekki er á háskólastigi, en þetta hlutfall lækkar niður í 21% meðal stráka og tæp 22% meðal stelpna árið 2007. Árið 2010 svara 19,2% stráka og 21,2% stelpna þessu til. Samskonar þróun er uppi á teningnum meðal framhaldsskólanema búsettum utan höfuðborgarsvæðisins. Tæp 36% bæði stráka og stelpna töldu frekar eða mjög líklegt að þau myndu sækja nám sem ekki er á háskólastigi strax að loknum framhaldsskólanum árið 2004. Samskonar hlutföll er hins vegar 29,5% meðal stelpna og um 30% meðal stráka árið 2007. Árið 2010 eru þessi hlutföll 30,3% meðal stráka en 29,1% meðal stelpna.

Mynd 58 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla árið 2010 sem segja mjög eða frekar líklegt að þau ætli í nám á háskólastigi

erlendis. Stelpur virðast frekar stefna til útlanda en strákar og jafnframt virðast nemendur á höfuðborgarsvæðinu frekar horfa til náms á erlendri grundu en þeir nemendur sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins.


Samantekt úr myndum í V. hluta

Á myndum 50 - 58 má sjá athugun yfir tíma á því hve miklum tíma nemendur segjast verja í heimanám, og hvort þeir telji að námið sé tilgangslaust eða að þeim leiðist námið. Þá gefur að líta skoðun yfir tíma á fjölda nemenda sem segja námið of létt eða of þungt. Einnig má sjá í töflu yfirlit yfir þá þætti sem nemendur (% og fjöldi) telja að hafi mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Þá eru skoðaðar helstu ástæður fyrir vali nemenda á framhaldsskóla, og þróun í fjölda þeirra sem ætla sér í háskólanám eða annað nám að loknum framhaldsskólanum.


Á myndum hér að framan má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust og hlutfall þeirra sem segir að þeim leiðist námið. Þar má jafnframt sjá talsverðan kynjamun óháð búsetu. Strákar eru líklegri til að þykja námið leiðinlegt og tilgangslaust. Árið 2004 sögðust 31,1%

stráka utan höfuðborgarsvæðisins að þeim leiddist námið í samanburði við 29,9% stráka árið 2010. Þá segjast 17,1% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins að þeim leiðist námið og um 4,0% finnst námið tilgangslaust ef árið 2010 er skoðað sérstaklega. Á höfuðborgarsvæðinu segjast 15,8% stelpna að þeim finnist námið leiðinlegt en 3,2% að þeim finnist það tilgangslaust. Einnig má sjá samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þau telji námið of létt eða of þungt. Líttill munur er á hlutföllum stráka og stelpna milli ára en innbyrðis munur á milli kynjanna er merkjanlegur. Greinanlegur munur er þegar litið er til búsetu, þannig telja fleiri ungmenni búsett utan höfuðborgarsvæðisins námið of þungt, og jafnframt eru þau færri sem telja það of létt. Þá finnst hlutfallslega fleiri stelpum en strákum námið of þungt og að sama skapi færri að það sé of létt og er þróunin svipuð á milli ára. Þá má sjá niðurstöður þeirra framhaldsskólanema sem telja frekar eða mjög líklegt að þau ætli í háskólanám á Íslandi að loknum framhaldsskólanum. Eins og niðurstöður sýna hefur hlutfall þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að þau ætli í háskólanám á Íslandi lækkað lítið eitt frá ár-

Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk“ 1992 til 2010.



Mynd 59 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla árin 1992, 2004 og 2010 eftir því hvort þau upplífuðu sig einmana síðastliðna 30 daga (árið 1992 er notað aldrei í stað nær aldrei líkt og árin 2004 og 2010).



Mynd 60 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla árin 1992, 2004 og 2010 eftir því hvort þau upplifðu framföðina vonlausu síðastliðna 30 daga (árið 1992 er notað aldrei í stað nær aldrei líkt og árin 2004 og 2010).

inu 2007. Árið 2007 töldu tæp 68% stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu frekar eða mjög líklegt að þeir myndu sækja háskólanám á Íslandi strax að loknum framhaldsskóla. Þessi hlutföll eru komin í 66,5% meðal stráka en 64,0% stelpna árið 2010. Munur milli kynja er hins vegar tölverður utan höfuðborgarsvæðisins, en samt sem áður eru örliði fleiri strákar sem telja frekar eða mjög líklegt að þeir ætli sér að sækja háskólanám á Íslandi að loknum framhaldsskólanum árið 2007 (54,5%) en árið 2010 (66,5%). Meðal stelpna sem eru búsettar utan höfuðborgarsvæðisins, voru 62,7% þeirra árið 2007 sem sögðu það mjög eða frekar líklegt að þær færu í háskólanám á Íslandi strax að loknu framhaldsskólanámi, en 61,9% árið 2010. Einnig má sjá niðurstöður þeirra framhaldsskólanema, sem telja frekar eða mjög líklegt að þeir fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi strax að loknu núverkandi námi. Eins og sjá má er hér er um tiltekna þróun að ræða miðað við hlutfallslegan fjölda nemenda sem telja líklegt að þeir muni sækja háskólanám strax að loknum framhaldsskólanum. Árið 2004 sögðust rúm 25% stráka og rúm 24% stelpna á höfuðborgarsvæðinu, telja það frekar eða mjög líklegt að þau myndu sækja nám strax að loknum framhaldsskólanum, sem ekki er

á háskólastigi, en þetta hlutfall lækkar niður í 21% meðal stráka og tæp 22% meðal stelpna árið 2007. Árið 2010 svara 19,2% stráka og 21,2% stelpna þessu til. Samskonar þróun er uppi á teningnum meðal framhaldsskólanema búsettum utan höfuðborgarsvæðisins. Tæp 36% bæði stráka og stelpna töldu frekar eða mjög líklegt að þau myndu sækja nám sem ekki er á háskólastigi strax að loknum framhaldsskólanum árið 2004. Samskonar hlutföll eru hins vegar 29,5% meðal stelpna og um 30% meðal stráka árið 2007. Árið 2010 eru þessi hlutföll 30,3% meðal stráka en 29,1% meðal stelpna. Þá má einnig sjá það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla árið 2010 sem segja mjög eða frekar líklegt að þau ætli í nám á háskólastigi erlendis. Stelpur virðast frekar stefna til útlanda en strákar og jafnframt virðast nemendur á höfuðborgarsvæðinu frekar horfa til náms á erlendri grundu en þeir nemendur sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins.

Að auki má benda á töflur um nám og skóla í viðauka þar sem frekari upplýsingar um nám framhaldsskólanema og tengda þætti er að finna.

VI. hluti Heilsuhegðun og heilsuvisar

Heilsuhegðun (e. health behavior) er hugtak sem vísar til hvers konar hegðunar sem hefur áhrif á heilsu og heilbrigði. Það liggur því í orðanna hljóðan að heilsuhegðun er víðtækt hugtak. Sem dæmi um hegðun sem hefur beina skírskotun til heilsu og heilbrigðis eru svefn-tími, mataræði, hreyfing, reykingar og áfengisnotkun. Nýlegar íslenskar rannsóknir hafa sýnt að ungmenni sem borða hollan mat og neyta minna af sætindum og skyndibitafæði, ásamt því að hreyfa sig reglulega, eru bæði líklegri til að ganga betur í skóla en þeim sem stunda óhollari lífshætti, og einnig eru þau líklegri til að hafa sterkari sjálfmynd²⁷. Þá hafa rannsóknir sýnt að tengsl eru og á milli neyslu áfengis og tóbaks og námsárangurs og líðanar²⁸ og annarrar áhættuhegðunar²⁹. Eins hefur ný rannsókn sem gerð var á vegum Rannsókna & greiningar á vormánuðum 2009 sýnt fram á að koffinneysla unglunga í efstu bekkjum grunnskóla hér á landi er talsverð.

27 Inga Dóra Sigfúsdóttir o.þ. 2007; Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. 2008b.

28 Álfgeir Logi Kristjánsson o.þ. 2006.


29 Þórólfur Þórlindsson o.þ. 1998

Þannig segjast yfir 75% unglunga í 9. og 10. bekk grunnskóla neyta koffins á degi hverjum, yfirleitt í formi orkudrykkja en líka kóladykkja eins og Pepsi og Coca Cola sem innihalda koffin. Rannsóknin leiðir í ljós að mjög sterkt samband er á milli koffinneyslu og reykinga og áfengisneyslu íslenskra unglunga. Eins kemur fram að unglingar sem nota mikið koffin eru líklegri til að eiga við svefn- og námsörðugleika að stríða. Þá sýna niðurstöður að saman hafa koffinneysla, reykingar og áfengisdrykkja, neikvæð áhrif á námsframmistöðu³⁰.


Á myndum 61 – 69 má sjá athugun yfir tíma á því hve góða nemendur framhaldsskóla telja líkamlega og andlega heilsu sína vera, ásamt neyslu á grænmeti, ávöxtum, sælgæti, sykrudum gosdrykkjum sem og drykkjum sem innihalda koffin þ.e. Kóladykkjum og kaffi. Að auki gefur að líta hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskóla eftir ferðamáta þeirra til og frá skóla sem og hvenær strákar og stelpur fara venjulega að sofa á virkum dögum.

Á mynd 61 gefur að líta samanburð milli áraanna 2004, 2007 og 2010 á því hvernig

30 James, J.E., Kristjánsson, Á.L., og Sigfúsdóttir, I.D. (í prentun).




Mynd 61 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða.




Mynd 62 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segja andlega heilsu sína góða eða mjög góða.

stelpur og strákar í framhaldsskólum meta líkamlega heilsu sína. Langflestir meta líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða. Í öllum tilfellum telja heldur fleiri strákar en stelpur heilsu sína góða eða mjög góða og er það óháð búsetu.

Á mynd 62 má sjá samanburð milli árána 2004, 2007 og 2010 á því hvernig stelpur og strákar í framhaldsskólum meta andlega heilsu sína. Langflestir meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða en líkt og á mynd 62 eru fleiri strákar en stelpur sem gera svo og er þróun meðal stráka nokkuð jöfn á milli



Mynd 63 Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segjast neyta ávaxta, grænmetis, sykraðra gosdrykkja og sælgætis eða sæts kex, daglega eða oft á dag.




Mynd 64 Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010 sem segjast neyta ávaxta, grænmetis, sykraðra gosdrykkja og sælgætis eða sæts kex, daglega eða oft á dag.


ára og óháð búsetu. Samanburður á milli ára á hlutfalli stelpna á höfuðborgarsvæðinu sýnir aukningu í jákvæðu mati á andlegri heilsu eða úr 74,8% árið 2004 í 77,6% árið 2007. Árið 2010 virðast hlutfallslega færri stelpur meta andlega heilsu sína þetta góða (73,7%). Litlar breytingar hafa orðið á hlutfalli stelpna utan

höfuðborgarsvæðisins á milli ára. Þó virðast örlítið færri stelpur meta andlega heilsu sína þetta góða árið 2010 (69,0%) ef lítið er til árána á undan.

Á myndum 63 og 64 gefur að líta samanburð á neyslu grænmetis, ávaxta, sælgætis og




Mynd 65 Hlutfall stelpna í framhaldsskóla árið 2010 eftir því hversu mörg glöms eða bolla (eitt/einn til þrjú/þrjá) af kaffi og Kóladykkjum (dæmi: kók, pepsi) þær segjast drekka daglega.




Mynd 66 Hlutfall stráka í framhaldsskóla árið 2010 eftir því hversu mörg glös eða bolla (eitt/einn til þrjú/þrjá) af kaffi og Kóladyrkkjum (dæmi: kók, pepsi) þeir segjast drekka daglega.

goddrykja meðal stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010. Á myndunum má sjá tölverðan kynjamun í neysluvenjum framhaldsskólanema. Fleiri stelpur en strákar borða ávexti og grænmeti

daglega eða oft á dag og er það óháð búsetu og hefur sú neysla aukist jafnt og þétt yfir tímabilið. Hins vegar eru strákar hlutfallslega heldur fleiri en stelpur í hópi þeirra sem neyta sælgætis eða sæts kex daglega eða oft á dag. Þá



Mynd 67 Hlutfall stelpna í framhaldsskóla árið 2010 eftir ferðamáta þeirra til og frá skóla, einu sinni í viku eða oft.




Mynd 68 Hlutfall stráka í framhaldsskóla árið 2010 eftir ferðamáta þeirra til og frá skóla, einu sinni í viku eða oft.

má sjá mikinn mun á fjölda stráka og stelpna sem segjast neyta sykraðra gosdrykkja daglega eða oft á dag og er hlutfallið óháð búsetu. Um 16,8% stelpna segjast gera svo árið 2010 en um 36,6% stráka. Í heild dregur þó frekar úr neyslu sætinda frá árinu 2004 en


neysla ávaxta og grænmetis eykst almennt. Á þetta við um bæði kynin óháð búsetu.

Á myndum 65 og 66 gefur að líta hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla eftir því hversu mörg glös eða bolla (1-3) þau drekka á



Mynd 69 Hlutfall stráka og stelpna árið 2010, eftir því hvenær þau fara venjulega að sofa á virkum dögum.


Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk“ 1992 til 2010



Mynd 70 Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskóla á landinu öllu árin 1992, 2004 og 2010 eftir því hversu góða eða slæma þau telja líkamlega heilsu sína vera.

dag. Á myndunum má sjá töluverðan kynjamun í neysluvenjum framhaldsskólanema. Strákar virðast drekka töluvert meira af bæði kaffi og Kóladrykkjum. Eins og myndin sýnir þá segjast 50,9% stelpna á höfuðborgarsvæðinu drekka þetta mikið magn af Kóladrykkjum á dag, en 63,3% stráka. Um 12,4% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins segjast drekka þetta mikið magn af kaffi á dag, en um 21,2% stráka.

Á myndum 67 og 68 má sjá hlutfall stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess eftir ferðamáta þeirra til og frá skóla, einu sinni í viku eða oftar. Eins og myndin sýnir þá fara strákar (23,0%) og stelpur (17,3%) á höfuðborgarsvæðinu síður fótgangandi en þau ungmenni sem eru búsett utan höfuðborgarsvæðisins. Um 44,1% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins segjast fara fótgangandi í skólann þetta oft, en um 42,2% stráka.



Mynd 71 Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskóla á landinu öllu árin 1992, 2004 og 2010 eftir því hversu góða eða slæma þau telja andlega heilsu sína vera.

Eins segjast talsvert færri stelpur en strákar fara á reiðhjóli í skólann þetta oft og er það óháð búsetu. Þá virðast stelpur og strákar á höfuðborgarsvæðinu frekar nota strætisvagna en þau sem eru búsett utan höfuðborgarsvæðisins, eðli málsins samkvæmt. Flestir virðast nota einkabílinn (einn eða með öðrum) til að komast í skólann og er það óháð kyni og búsetu.

Á mynd 69 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla, eftir því hvenær þau segjast venjulega fara að sofa á kvöldin á virkum dögum. Eins og myndin sýnir eru afar fáir sem segjast fara að sofa um klukkan tíu eða fyrr á virkum dögum, eða um 1,7% stráka og 2,2% stelpna. Stelpur virðast fara fyrr að sofa en strákar og eru fleiri stelpur en strákar sem segjast fara að sofa á bilinu hálf ellefu / ellefu. Mun fleiri strákar en stelpur segjast fara að sofa um hálf eitt eða seinna á virkum dögum, eða 42,2% stráka, en 27,5% stelpna.

Samantekt úr myndum í VI. hluta

Í samantekt á myndum 61 – 69 má sjá athugun yfir tíma á því hve góða nemendur framhaldsskóla telja líkamlega og andlega heilsu sína ásamt neyslu á grænmeti, ávöxtum, sælgæti og sykrudum gosdrykkjum. Niðurstöður sýna að langflestir meta líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða. Í öllum tilfellum telja heldur fleiri strákar en stelpur heilsu sína góða eða mjög góða og er það óháð búsetu. Hins vegar hefur þessi munur dregist saman yfir tíma. Einnig meta langflestir framhaldsskólanemar andlega heilsu sína góða eða mjög góða, en eins og áður er þó líklegt að strákar geri það frekar en stelpur og er þróun meðal stráka nokkuð jöfn á milli ára og óháð búsetu. Samanburður á milli ára á hlutfalli stelpna á höfuðborgarsvæðinu sýnir aukningu í jákvæðu mati á andlegri heilsu eða úr 74,8% árið 2004 í 77,6% árið 2007 en örlítið dregur svo úr árið 2010 (73,7%). Litlar breytingar hafa orðið á hlutfalli stelpna utan höfuðborgarsvæðisins á milli ára. Þó virðast örlítið færri stelpur meta andlega heilsu sína þetta góða árið 2010 (69,0%) en árin á undan. Að lokum má sjá niðurstöður fyrir neyslu græn-

metis, ávaxta, sælgætis og gosdrykkja meðal stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010. Niðurstöður sýna töluverðan kynjamun í neysluvenjum framhaldsskólanema. Fleiri stelpur en strákar borða ávexti og grænmeti daglega eða oft á dag og er það óháð búsetu og hefur sú neysla aukist jafnt og þétt yfir tímabilið. Hins vegar eru strákar hlutfallslega heldur fleiri en stelpur í hópi þeirra sem neyta sælgætis eða sæts kex daglega eða oft á dag. Þá má sjá mikinn mun á fjölda stráka og stelpna sem segjast neyta sykraðra gosdrykkja daglega eða oft á dag og er hlutfallið óháð búsetu. Um 16,8% stelpna segjast gera svo árið 2010 en um 36,6% stráka. Í heild dregur þó frekar úr neyslu sætinda frá árinu 2004 en neysla ávaxta og grænmetis eykst almennt. Á þetta við um bæði kynin óháð búsetu. Strákar virðast einnig drekka töluvert meira af bæði kaffi og Kóladykkjum. Um 50,9% stelpna á höfuðborgarsvæðinu drekka þetta mikið magn af Kóladykkjum á dag, en 63,3% stráka. Um 12,4% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins segjast drekka þetta mikið magn af kaffi á dag, en um 21,2% stráka. Þá má sjá hlutfall stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess eftir ferðamáta þeirra til og frá skóla, einu sinni í viku eða oftar. Strákar (23,0%) og stelpur (17,3%) á höfuðborgarsvæðinu fara síður fótgangandi en þau ungmenni sem eru búsett utan höfuðborgarsvæðisins. Um 44,1% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins segjast fara fótgangandi í skólann þetta oft, en um 42,2% stráka. Eins segjast talsvert færri stelpur en strákar fara á reiðhjóli í skólann þetta oft og er það óháð búsetu. Eins nota stelpur og strákar á höfuðborgarsvæðinu frekar strætisvagna en þau sem eru búsett utan höfuðborgarsvæðisins, eðli málsins samkvæmt. Flestir virðast nota einkabílinn (einn eða með öðrum) til að komast í skólann og er það óháð kyni og búsetu. Að lokum má skoða hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskóla, eftir því hvenær þau segjast venjulega fara að sofa á kvöldin á virkum dögum. Eins og myndin sýnir eru afar fáir sem segjast fara að sofa um klukkan tíu eða fyrr á virkum dögum, eða um 1,7% stráka og 2,2% stelpna. Stelpur

virðast fara fyrr að sofa en strákar og eru fleiri stelpur en strákar sem segjast fara að sofa á bilinu hálf ellefu / ellefu. Mun fleiri strákar en stelpur segjast fara að sofa um hálf eitt eða seinna á virkum dögum, eða 42,2% stráka, en 27,5% stelpna.

Að auki má benda á töflur í viðauka þar sem sjá má aðrar upplýsingar um heilsutengda hegðun framhaldsskólanema og tengda þætti er að finna.

Heimildaskrá

- Allegrante, J.P. (2004). Unfit to learn. *Education Week*, 24: 38-40.
- Altermatt E.R. og Pomerantz, E.M. (2005). The implications of having high-achieving versus low-achieving friends: A longitudinal analysis. *Social Development*, 14, 61-81.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P. (2008b). Health Behavior and Academic Achievement Among Adolescents: The Relative Contribution of Dietary Habits, Physical Activity, Body Mass Index, and Self-Esteem. *Health Education and Behavior* (for-útgáfa fyrir prentun, www.pubmed.gov).
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P., Ásgeir R. Helgason (2008a). Social correlates of cigarette smoking among Icelandic adolescents: a population-based cross-sectional study. *BMC Public Health*, 8:86.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2006). *Ung Fólk 2006. Menntun, menning, tólmstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon (2005). *Ungt fólk 2004. Menntun, menning, tólmstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). *Monitoring the future*. Ann Arbor: Institute for Social Research.
- Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. Prentice-Hall. Uppersaddle River, N.J.
- Bowker A., Bukowski W.M., Hymel S. og Sippola L.K. (2000). Coping with daily hassles in the peer group during early adolescence: Variations as a function of peer experience. *Journal of Research in Adolescence*, 10, 211-243.
- Carter, D.S.G., Bennetts, C. og Carter, S.M. (2003). 'We're not sheep': Illuminating the nature of the adolescent peer group in effecting lifestyle choice. *British Journal of Sociology of Education*, 24, 225-241.
- Colarossi, L.G. (2001). Adolescent gender differences in social support: Structure, function, and provider type. *Social Work Research*, 25, 233-241.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94: 95-120.
- Crosnoe, R., Erickson, K.G. og Dornbusch, S.M. (2002). Protective functions of family relationships and school factors on the deviant behaviour of adolescent boys and girls: Reducing the impact of risky friendships. *Youth & Society*, 33, 515-544.
- De Vaus, D. (2002). *Surveys in Social Research* (5. útgáfa). London: Routledge.
- Finnbogi Gunnarsson, Jón Gunnar Bernburg og Þórólfr Þórlindsson. (1996). *Ungt fólk og skólastarf á Suðurlandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Gorman, T.J. (1998). Social class and parental attitudes toward education: Resistance and conformity to schooling in the family. *Journal of Contemporary Ethnography*, 27, 10-44.
- Hirchi, T. (1969). *Causes of Delinquency*. California: University of California Press.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Allegrante, J.P. (2007). Health Behavior and Academic Achievement in Icelandic School Children. *Health Education Research*, 22: 70-80.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson (í prentun). Physical activity buffers the effects of family conflict on depressed mood: A study on adolescent girls and boys. *Journal of Adolescence*.
- James, J.E., Kristjánsson, Á.L., Sigfúsdóttir, I.D. (í prentun). Adolescent substance use, sleep, and academic achievement: Evidence of harm due to caffeine. *Journal of Adolescence*.
- Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir (1997). *Staða skóla- og æskulýðsmála á Suðurnesjum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Lahelma, E. (2002). School is for Meeting Friends: Secondary school as lived and remembered. *British Journal of Sociology of Education*, 23, 367-381.
- O'Byrne, K.K., Haddock, C.K., Poston, W.S.C. (2002). Parenting Style and Adolescent Smoking. *Journal of Adolescent Health*, 30: 418-425.

- Osgood, D.W., Wilson, J.K., O'Malley, P.M., Bachman, J.G. og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review*, 61, 635-655.
- Peretti-Watel, P. og Lorente, F.O. (2004). Cannabis use, sport practice and other leisure activities at the end of adolescence. *Drug and Alcohol Dependence*, 73, 251-257.
- Piko B.F. og Fitzpatrick K.M. (2004). Substance use, religiosity, and other protective factors among Hungarian adolescents. *Addictive Behaviors*, 29, 1095-1107
- Roeser, R.W., Midgley, C. og Urdan, T.C. (1996). Perceptions of the school psychological environment and early adolescents' psychological and behavioral functioning in school: The mediating role of goals and belonging. *Journal of Educational Psychology*, 88, 408-422.
- Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson (1992). The integrative and physiological effects of sports participation: A study of adolescence. *The Sociological Quarterly*, 33, 637-647.
- Sheldon, S.B., Epstein, J.L. (2005). Involvement Counts: Family and Community Partnerships and Mathematics Achievement. *The Journal of Educational Research*, 98: 196-206.
- Sigfusdóttir, I. D., Asgeirsdóttir, B. B., Sigurdsson, J. F. and Gudjonsson, G. H. (2008). Trends in depressive symptoms, anxiety symptoms and visits to healthcare specialists: A national study among Icelandic adolescents. *Scandinavian Journal of Public Health*, 36, 4, 361 - 368.
- Sigríður Þóra Eiðsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfusdóttir, Allegrante, J.P. (2008). Trends in physical activity and participation in sports clubs among Icelandic adolescents. *European Journal of Public Health* (forútgáfa fyrir prentun, www.pubmed.gov).
- Smerdon, B.A. (2002). Students' perception of membership in their high schools. *Sociology of Education*, 75, 287-305.
- Sutherland, E.H. (1978). *Criminology* (10. útgáfa). New York: Lippincott.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31: 17-40.
- Zettergren, P. (2003). School adjustment in adolescence for previously rejected, average and popular children. *British Journal of Educational Psychology*, 73, 207-221.
- Þóróddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfusdóttir, Welch, M.R. (2005). Familial and Religious Influences on Adolescent Alcohol Use: A Multi-Level Study of Students and School Communities. *Social Forces*, 84: 375-390.
- Þóróddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson (1993). *Tómstundir íslenskra unglinga vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Jón Gunnar Bernburg. (2006). Peer groups and substance use: Examining the direct and interactive effect of leisure activity. *Adolescence*, 41: 321-339.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfusdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfusdóttir (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Töflur**Bakgrunnspættir**

Tafla 2 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins árin 2004, 2007 og 2010.

	2004			2007			2010		
	Höfuðb.sv.	Landsb.	Allir	Höfuðb.sv.	Landsb.	Allir	Höfuðb.sv.	Landsb.	Allir
Strákar	47,7%	49,8%	48,4%	46,6%	51,4%	48,2%	46,8%	50,7%	48,2%
Stelpur	52,3%	50,2%	51,6%	53,4%	48,6%	51,8%	53,2%	49,3%	51,8%

Tafla 3 Hver er menntun móður þinnar? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Veit ekki eða á ekki við	8,3%	5,1%	6,7%
Lauk grunnskólaprófi eða minna	11,1%	13,4%	12,3%
Hóf framhaldsskóla, menntask., fjölbraut eða iðnskóla	14,1%	16,3%	15,2%
Lauk framhaldsskóla, menntask., fjölbraut eða iðnskóla	23,7%	22,8%	23,2%
Hóf háskólanám	2,7%	3,0%	2,9%
Lauk háskólaprófi	40,2%	39,4%	39,8%

Tafla 4 Hver er menntun föður þíns? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010.

Svarmöguleikar:	Strákur	Stelpan	Heild
Veit ekki eða á ekki við	9,3%	7,8%	8,5%
Lauk grunnskólaprófi eða minna	10,6%	11,5%	11,1%
Hóf framhaldsskóla, menntask., fjölbraut, eða iðnskóla	10,3%	12,6%	11,5%
Lauk framhaldsskóla, menntask., fjölbraut eða iðnskóla	31,8%	32,4%	32,1%
Hóf háskólanám	2,2%	2,7%	2,5%
Lauk háskólaprófi	35,7%	33,0%	34,3%

Tafla 5 Hverjir eftirtalinn búa heima hjá þér? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Báðir foreldrar	66,2%	63,4%	64,8%
Móðir en ekki faðir	11,0%	10,9%	10,9%
Faðir ekki móðir	2,5%	1,7%	2,1%
Móðir og sambýlismaður	7,7%	8,7%	8,2%
Faðir og sambýliskona	1,8%	1,2%	1,5%
Bý á eigin vegum	3,7%	6,1%	5,0%
Bý með vini/vinkonu	2,8%	2,8%	2,8%
Annað fyrirkomulag	4,1%	5,2%	4,7%

Tafla 6 Hversu vel fjárhagslega stæð telurðu að fjölskylda þín sé miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010.

Svarmöguleikar:	2004			2007			2010		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Miklu betur stæð	2,7%	1,6%	2,1%	4,0%	2,2%	3,1%	4,2%	2,6%	3,4%
Töluvert betur stæð	14,5%	11,5%	13,0%	16,4%	13,4%	14,9%	19,7%	15,9%	17,7%
Svolítið betur stæð	26,7%	22,4%	24,4%	29,0%	25,7%	27,3%	30,7%	27,2%	28,9%
Álíka vel stæð	44,3%	50,2%	47,3%	42,1%	49,3%	45,8%	36,0%	42,8%	39,6%
Svolítið verr stæð	9,3%	10,8%	10,1%	6,5%	7,5%	7,0%	6,9%	8,4%	7,7%
Töluvert verr stæð	2,2%	3,0%	2,6%	1,6%	1,5%	1,5%	2,2%	2,6%	2,4%
Miklu verr stæð	0,5%	0,5%	0,5%	0,3%	0,4%	0,4%	0,3%	0,5%	0,4%

Tafla 7 Hvaða trúfélagi tilheyrir þú? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Þjóðkirkjan	64,6%	75,2%	70,1%
Kaþólski söfnuðurinn	2,2%	2,5%	2,4%
Múhameðstrúar	1,4%	0,4%	0,9%
Rétttrúnaðarkirkjan/Ortodox	0,5%	0,5%	0,5%
Fríkirkjan	4,1%	5,7%	4,9%
Öðrum söfnuði	2,5%	2,6%	2,5%
Er utan trúfélaga	24,7%	13,2%	18,7%

Tafla 8 Er töluð íslenska á þínu heimili? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010.

Svarmöguleikar:	2004			2007			2010		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Já, eingöngu	92,5%	92,6%	92,5%	92,5%	92,1%	92,3%	90,2%	90,6%	90,4%
Já, ásamt öðru máli	6,7%	6,6%	6,6%	6,5%	7,1%	6,8%	8,3%	8,0%	8,1%
Nei, einungis annað mál	0,8%	0,8%	0,8%	1,1%	0,9%	1,0%	1,6%	1,4%	1,5%

Íþróttir og hreyfing

Tafla 9 Hve oft stundar þú íþróttir eða æfingar, hvorki á vegum skólans né íþróttafélaga? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010.

Svarmöguleikar:	2004			2007			2010		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Nær aldrei	31,2%	39,1%	35,3%	39,3%	45,4%	42,5%	39,3%	43,5%	41,5%
Vikulega eða sjaldnar	29,7%	27,3%	28,5%	16,2%	16,2%	16,2%	14,6%	15,9%	15,3%
2-3 sinnum í viku	22,6%	20,8%	21,6%	26,1%	26,1%	26,1%	26,4%	27,0%	26,7%
4 sinnum í viku eða oftar	16,5%	12,8%	14,6%	18,3%	12,4%	15,2%	19,7%	13,6%	16,5%

Tafla 10 Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði í ákvörðun þinni að hætta að stunda íþróttir? Ég missti áhugann. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010.

Svarmöguleikar:	2004			2007			2010		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Skipti mjög miklu máli	38,1%	34,6%	36,2%	35,6%	33,4%	34,5%	38,5%	37,5%	38,0%
Skiptu frekar miklu máli	17,9%	19,5%	18,7%	17,8%	20,1%	19,0%	18,4%	20,7%	19,6%
Skiptu frekar litlu máli	6,9%	8,2%	7,6%	7,0%	8,2%	7,6%	6,3%	7,4%	6,9%
Skiptu mjög litlu máli	4,4%	6,0%	5,2%	5,0%	7,2%	6,2%	4,6%	5,4%	5,1%
Á ekki við um mig	32,7%	31,7%	32,2%	34,6%	31,1%	32,7%	32,2%	28,9%	30,4%

Tafla 11 Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði í ákvörðun þinni að hætta að stunda íþróttir? Kostnaður (of dýrt). Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, og 2010.

Svarmöguleikar:	2004			2007			2010		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Skipti mjög miklu máli	7,1%	7,4%	7,2%	5,3%	5,6%	5,4%	6,7%	6,8%	6,8%
Skiptu frekar miklu máli	7,6%	8,0%	7,8%	4,8%	6,3%	5,6%	6,3%	9,1%	7,8%
Skiptu frekar litlu máli	11,8%	13,9%	12,9%	9,8%	10,7%	10,3%	10,3%	12,7%	11,6%
Skiptu mjög litlu máli	14,8%	20,1%	17,6%	20,6%	26,2%	23,5%	19,3%	23,1%	21,3%
Á ekki við um mig	58,7%	50,7%	54,5%	59,6%	51,2%	55,2%	57,4%	48,1%	52,5%

Tafla 12 Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði í ákvörðun þinni að hætta að stunda íþróttir? Vinir mínir hætta. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010.

Svarmöguleikar:	2004			2007			2010		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Skipti mjög miklu máli	7,3%	7,4%	7,4%	6,9%	6,9%	6,9%	7,5%	7,6%	7,5%
Skiptu frekar miklu máli	10,4%	13,3%	11,9%	10,1%	13,9%	12,1%	12,8%	14,7%	13,8%
Skiptu frekar litlu máli	12,8%	14,2%	13,6%	11,8%	13,1%	12,5%	12,8%	15,2%	14,1%
Skiptu mjög litlu máli	12,6%	16,0%	14,4%	16,3%	18,5%	17,5%	14,7%	17,8%	16,4%
Á ekki við um mig	56,8%	49,1%	52,8%	54,9%	47,5%	51,0%	52,2%	44,8%	48,2%

Tafla 13 Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði í ákvörðun þinni að hætta að stunda íþróttir? Tímaskortur. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007 og 2010.

Svarmöguleikar:	2004			2007			2010		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpa	Heild
Skipti mjög miklu máli	16,4%	18,1%	17,3%	13,0%	16,1%	14,6%	13,7%	17,0%	15,5%
Skiptu frekar miklu máli	18,2%	22,0%	20,2%	16,6%	20,5%	18,7%	18,3%	21,4%	19,9%
Skiptu frekar litlu máli	11,7%	12,4%	12,1%	12,0%	13,6%	12,8%	11,9%	14,1%	13,1%
Skiptu mjög litlu máli	9,9%	11,4%	10,7%	13,5%	13,5%	13,5%	12,3%	13,3%	12,9%
Á ekki við um mig	43,7%	36,2%	39,8%	44,9%	36,4%	40,4%	43,8%	34,2%	38,7%

Tafla 14 Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði í ákvörðun þinni að hætta að stunda íþróttir? Mikil samkeppni. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004			2007			2010		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Skipti mjög miklu máli	5,8%	5,0%	5,4%	4,3%	4,2%	4,3%	5,5%	5,0%	5,2%
Skiptu frekar miklu máli	7,8%	7,6%	7,7%	6,6%	8,6%	7,6%	7,7%	8,8%	8,3%
Skiptu frekar litlu máli	14,4%	15,8%	15,1%	13,6%	15,5%	14,6%	14,0%	17,1%	15,7%
Skiptu mjög litlu máli	14,7%	19,7%	17,4%	20,2%	23,4%	21,9%	18,3%	22,6%	20,6%
Á ekki við um mig	57,3%	51,9%	54,5%	55,3%	48,3%	51,6%	54,5%	46,4%	50,2%

Tafla 15 Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði í ákvörðun þinni að hætta að stunda íþróttir? Þjálfarskipti. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Skipti mjög miklu máli	9,1%	9,9%	9,5%
Skiptu frekar miklu máli	8,7%	11,2%	10,0%
Skiptu frekar litlu máli	11,7%	13,2%	12,5%
Skiptu mjög litlu máli	16,4%	18,5%	17,5%
Á ekki við um mig	54,1%	47,2%	50,4%

Tafla 16 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010 eftir því hve oft þau stunda handbolta.

Svarmöguleikar:	2010		
	Strákar	Stelpur	Heild
Nær aldrei	88,6%	95,1%	92,1%
Einu sinni í viku	3,1%	1,0%	2,0%
2-3 sinnum í viku	1,9%	0,5%	1,2%
4 sinnum í viku eða oftar	6,4%	3,3%	4,7%

Tafla 17 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010 eftir því hve oft þau stunda fótbolta.

Svarmöguleikar:	2010		
	Strákar	Stelpur	Heild
Nær aldrei	60,8%	85,9%	74,2%
1 sinni í viku	13,5%	4,8%	8,8%
2-3 sinnum í viku	11,2%	2,9%	6,8%
4 sinnum í viku eða oftar	14,5%	6,4%	10,2%

Tafla 18 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010, eftir því hve oft þau stunda körfubolta.

Svarmöguleikar:	2010		
	Strákar	Stelpur	Heild
Nær aldrei	81,1%	95,1%	88,6%
1 sinni í viku	10,3%	2,4%	6,0%
2-3 sinnum í viku	4,0%	0,8%	2,3%
4 sinnum í viku eða oftar	4,7%	1,7%	3,1%

Tafla 19 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010 eftir því hve oft þau stunda blak.

Svarmöguleikar:	2010		
	Strákar	Stelpur	Heild
Nær aldrei	94,5%	94,7%	94,6%
Víkulega eða oftar	5,5%	5,3%	5,4%

Tafla 20 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010 eftir því hve oft þau stunda fimleika.

Svarmöguleikar:	2010		
	Strákar	Stelpur	Heild
Nær aldrei	96,3%	95,0%	95,6%
Vikulega eða oftár	3,7%	5,0%	4,4%

Tafla 21 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010 eftir því hve oft þau stunda frjársar íþróttir.

Svarmöguleikar:	2010		
	Strákar	Stelpur	Heild
Nær aldrei	94,0%	95,3%	94,7%
Vikulega eða oftár	6,0%	4,7%	5,3%

Tafla 22 Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010 eftir því hve oft þau stunda badminton.

Svarmöguleikar:	2010		
